

Vorþing DKG haldið í Egilsstaðaskóla 5. maí 2018



Sköpun, gróska og gleði

Næsta vorþing okkar verður eins og áður hefur komið fram haldið á Egilsstöðum þar sem við munum fá kynningar á gróskumiklu starfi Austfjarðakvenna.

Dagskrá þingsins verður sem hér segir:

- 10:00–10:30 Morgunhressing og skráning.
- 10:30–10:50 Þingsetning og ávarp: Jóna Benediktsdóttir forseti DKG á Íslandi.
- 10:50–11:20 Orkan í menningu og listum á Austurlandi. Signý Ormarsdóttir, yfirverkefnastjóri hjá Austurbrú.
- 11:20–11:30 Tónlistaratriði.
- 11:30–12:00 Lunga skólinn á Seyðisfirði og forsagan. Aðalheiður Borgþórsdóttir fjármálastjóri Lunga og ein af stofnendum Lunga hátíðarinnar.
- 12:00–12:30 Samræða út frá erindum morgunsins.
- 12:30–13:30 Hádegisverður.
- 13:30–14:00 Alþjóðasamtökin: DKG Carolyn Pittman Alþjóðaforseti.
- 14:00–14:10 Ávarp: Björg Nakling Evrópuforseti.
- 14:10–14:40 Látum verkin tala. Ólöf Björk Bragadóttir myndlistarmaður og kennari við listnámsbraut Menntaskólans á Egilsstöðum.
- 14:40 – 15:10 Tækni og listir í Verkmenntaskóla Austurlands, Fab Lab og Listaakademía. Lilja Guðný Jóhannesdóttir og Svanlaug Aðalsteinsdóttir.
- 15:10–15:50 Kaffi og samræður um erindi síðdegisins.
- 15:50–16:00 Samantekt á dagskrá og þingslit.



Að formlegri dagskrá lokinni verður boðið til móttöku á vegum Fljótsdalshéraðs og tvíréttaðan hátíðarkvöldverð á Gistihúsinu á Egilsstöðum þar sem aðalréttur verður Lambasteik með steinseljurót, gulrótum, kartöflupressu, kremuðu hvítkáli og villisveppagljáa og í eftirrét skrymús með sultuðum berjum og hindberjasorbet. Yfir kvöldverðinum er gert ráð fyrir að sitthvað verði til skemmtunar í boði deildanna.

Þeim konum sem óska eftir sérstöku matarræði er bent á að hafa beint samband við Gistihúsið á Egilsstöðum.

Skráning á þingið fer fram með því að greiða inn á reikning samtakanna rn. 546 26 2379 Kt. 491095-2379 og láta nafn félagskonu koma fram sem skýringu. Gjaldið er **4500 kr ef** aðeins er ætlunin að taka þátt í ráðstefnunni og **11500 kr** fyrir kvöldverð og ráðstefnu. Skráning þarf að fara fram fyrir 15.apríl.